

## Ráðgjafaráð í málefnum fólks með fötlun.

**Fundargerð 4.10. 2022. Fundur hefst kl. 14:30 og lýkur kl. 15:40.**

**Mættir á fund:** Alexander (Samfylkingin), Fjóla (Framsóknarflokkur), Þórarinn/Tóti Öryrkjabandalaginu (ÖBÍ), Kristjana (Sjálfstæðisflokkur), Eyrún og Dalrós (Þroskahjálp) og Rakel (ritari í Ráðgjafaráði í málefnum fólks með fötlun).

Fjóla formaður stýrir fundi og Rakel ritari skrifar fundargerð.

### 1. Umræðuefni:

#### Hugtakanotkun:

Umræða um hugtakanotkun, þ.e. hvort eigi að ræða um fatlað fólk eða fólk með fötlun. Allir sem sitja fundinn sammála um breytingu um að nota frekar fólk með fötlun. Eyrún kemur inn á að ræða fyrst um manneskjuna og síðan um fötlunina.

Mörg önnur sveitarfélög hafa nú þegar breytt hjá sér og er farið að nota fólk með fötlun, t.d. Kópavogur, Mosfellsbær, Ísfjörður, Árborg o.fl.

Ákveðið að notast við hugtakið

- Fólk með fötlun.

### 2. Umræðuefni:

#### Heimasíða Hafnarfjarðarbæjar í málefnum fólks með fötlun:

Farið er inn á eftirfarandi heimasíðu sem enn er í bígerð

<https://dev.hafnarfjordur.is/thjonusta/velferd/fatlad-folk/akstursthjonusta-fatlads-folks/>

- [Akstursþjónusta](#)
- [Einstaklingsstuðningur](#)
- [Fjölskyldustuðningur](#)
- [Heimili og íbúðakjarnar](#)
- [NPA](#)
- [Ráðgjafaráð](#)
- [Réttindagæsla](#)
- [Tómstundir barna og ungmenna](#)
- [Vinna og virkni](#)

Nefndarmeðlimir fara í sameiningu yfir heimasíðuna, lið fyrir lið (sbr. ofangreint).

Ritari mun senda netslóðina á nefndarmeðlimina.

- [Ráðgjafaráð](#)

Ath. Það þarf að bæta inn í texta um Ráðgjafaráð að það séu pólitískt skipaðir nefndarmeðlimir (2 frá meirihluta og 1 frá minnihluta).

Ritari sendir uppfærðar upplýsingar um nefndarmeðlimi í Ráðgjafaráði í málefnum fólks með fötlun, þ.e. nafn og hlutverk hvers nefndarmeðlims. Við förum fram á að láta fjarlægja heimilisföng, þar sem það stangast á við persónuverndarlög af hafa það sýnilegt og óþarfi inn á heimasíðu.

- Tómstundir barna og ungmenna

Það vantar að setja inn heimasíður, tengla eða nöfn á þeim úrræðum sem í boði eru hjá Hafnarfjarðarbæ.

- Vinna og virkni

Það vantar að setja inn heimasíður, tengla og nöfn á þeim úrræðum sem í boði eru hjá Hafnarfjarðarbæ.

Ath. Það vantar talgervil inn á síðuna. Þannig að textinn sé lesinn upp t.d. fyrir þá sem eru blindir.

- Einstaklingsstuðningur

Ítarleg umræða um að bæta einstaklingsstuðning sem veittur er í Hafnarfirði og af liðveitendum. Þörf sé á að bæta upplýsingaflæðið. Setja markviss markmið sem fylgt er eftir. Mikilvægi eftirfylgdar.

Dæmi af upplifun á slíkri þjónustu sem fram kom á fundi: Ef að liðveitandi mætir ekki til að sinna liðveislunni, lætur ekki vita eða mætir ekki á réttum tíma. Hvar er eftirlitið? Það þarf betri eftirfylgni með liðveislunni, t.d. eru samningar að renna út og ekki endurnýjaðir, þá dettur þjónustan út. Einnig kom fram að liðveitendur mættu skila inn betri skráningu, helst stimpla sig inn og út úr vinnu ekki skrá bara tíma i vinnustund. Kemur stundum fyrir að liðveitendur skila inn fleiri vinnustundum en unnar eru í rauntíma. Hver fylgir þessu eftir?

Hugmynd um að liðveitendur skrá í aðgengilegt App (það þyrfti að búa til slíkt App) upp á að halda utan um tímaskráningu liðveitanda og notandinn þarf að samþykkja skráða tíma.

- Upplýsingaflæði

Umræða um að stundum sé erfitt að upplýsingar eða réttar umsóknir inni á „Mínum síðum“ hjá Hafnarfjarðarbæ.

Umræða um að hafa einfaldaðan link eða tengil inn á „Þjónustu við fólk með fötlun“ inni á heimasíðunni, að það þurfi ekki að fara inn á heimasíðuna í mörgum skrefum, t.d.

- hafnarfjorður.is – þjónusta – velferð – fatlað fólk

Þessi skref geta verið erfið fyrir suma notendur, að þurfa að fara í gegnum öll þessi þrep til að finna t.d. upplýsingar, umsóknir o.fl.

Ath. Berglind Ósk er að uppfæra heimasíðu m.a. í málefnum fólks með fötlun og hún bauðst til að koma á fund með Ráðgjafaráði i málefnum fólks með fötlun. Fjóra formaður sendir Berglindi upplýsingar um hvað má lagfæra á heimasíðunni.

<https://dev.hafnarfjordur.is/thjonusta/velferd/fatlad-folk/akstursthjonusta-fatlads-folks/>

### 3. Umræðuefni:

#### **Málefnin í Ráðgjafaráði í málefnum fólks með fötlun haustið 2022?**

Fjóra í Ráðgjafaráðinu spyr nefndarmeðlimi, hvað best sé að taka fyrir í Ráðgjafaráðinu haustið 2022.

- Aðgengismál í heild:

Bent á mikilvægi að huga þarf vel að aðgengismálum í Hafnarfirði, t.d. í íþróttahúsum innan Hafnarfjarðarbæjar.

Það vantar mikið upp á upplýsingaflæði fyrir fólk með fötlun t.d. í íþróttafélögum. Pólitíkin getur þrýst á að benda íþróttafélögum á að bæta upplýsingaflæðið og aðgengi hjá íþróttafélögunum.

Rætt um skýrsluna um aðgengismál en Egill hjá ÖBÍ gæti frætt ráðið um hana ef hún er komin út og hver niðurstaðan sé.

Umræða um hluti úti við eða í náttúrunni sem geta hindrað aðgengi, t.d. grjót sem eru til skrauts eða til að afmarka, geta hindrað aðgengi eða valdið því að fólk dettur um slíkt og þ.a.l. veldur það meiri slysaættu. Skoða aðgengi einnig út frá öryggi.

Umræða um að það vanti gott aðgengi í Háskóla Íslands (HÍ) og Kennaraháskóla Íslands (KHÍ). Brunavarnir í HÍ eru t.d. ekki lagi.

Það er þörf á að fara í fleiri úttektir á aðgengi við fólk með fötlun.

- Gæta þarf að öryggismálum, brunavörnum og útgönguleiðum.

Dæmi um að það séu tvær nýlegar blokkir í Vallahverfinu í Hafnarfirði ekki með aðgengi fyrir hjólastóla.

- Umræða um mikilvægi notendasamráðs og mikilvægi þess að hafa Ráðgjafaráð í málefnum fólks með fötlun.

### **Í lok fundar:**

Ákveðið á fundi að hafa fastan fundartíma a.m.k. einu sinni í mánuði, þ.e. annan þriðjudag í hverjum mánuði kl. 14:30.

Næsti fundur verður haldinn, 8. nóv. kl. 14:30. Ritari sendir fundarboð.

Ákveðið að hafa fundinn í fundarherberginu Krosseyri, á 4. hæð. Gengið inn við Linnestíg 3. Ritari mun bóka fundarherbergið Krosseyri.

Ritari fékk upplýsingar um nafn, kt., bankaupplýsingar og heimilisfang nefndarmeðlima svo hægt sé að greiða þeim fyrir fundarsetu.